



VEITUSTJÓRN HRUNAMANNAHREPPS



6. fundur Veitustjórnar Hrunamannahrepps var haldinn mánudaginn 15. maí 2023 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 16:30.

Fundinn sátu: Sigurjón Snær Jónsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði. Einnig sátu fundinn Sigurður Sigurjónsson, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Auk þeirra sátu fundinn: Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu. Í upphafi leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Gengið til dagskrár:

1. Kaldavatnslögn frá Garðastíg að Byggð á Brikum og lðjuslóð með tengingu við Smiðjustíg.

Vegna uppbyggingar við Fannborgartanga og Klakkstanga sem og Kerlingartanga og einnig uppbyggingu við lðjuslóð er nauðsynlegt að svera kaldavatnslögn er liggur að Selsbæjunum, en sú lögn annar ekki þeirri miklu notkun sem framundan er. Fyrir fundinum lágu gögn varðandi kostnað við lögnina og lagnaleiðina. Heildarkostnaður við framkvæmdina er áætlaður ca. 37 m.kr. miðað við framlagða kostnaðaráætlun. Við framkvæmdina er gert ráð fyrir að sækja vatn úr stofni í Smiðjustíg. Við hönnun lagnarinnar er gert ráð fyrir að hún geti annað mögulegum tengingum við Bláskógaveitu.

Stjórn samþykkir að ráðist verði í framkvæmdina hið allra fyrsta og felur veitustjóra að vinna að framgangi verksins og jafnframt að vinna viðauka við fjárhagsáætlun sem lagður verði fyrir næsta fund veitustjórnar.

2. Heitavatnslögn – endurnýjun, Garðastígur – Ljónastígur

Veitustjóri kynnti nauðsynlega endurnýjun stofnlagnar hitaveitu frá fyrirhugaðri dælustöð við Garðastíg og að Ljónastíg en þar eru lögnin orðin afar léleg. Heildarkostnaður við endurnýjunina, efni og vinna, gæti numið allt að 5 m.kr. .

Stjórn samþykkir að ráðist verði í verkið enda um nauðsynlegt viðhald að ræða og fjármunir til staðar í fjárhagsáætlun ársins 2023.

3. Vatnsveita að Skollagróf

Lögð fram þau svör sem bárust við erindi veitustjórnar varðandi mögulega vatnsveitu að Skollagróf og að bæjum þar í kring. Einungis barst eitt svar, neikvætt, sem gefur til kynna að aðrir hafa ekki áhuga eða þörf á að tengjast vatnsveitu.

Veitustjórn samþykkir að fela veitustjóra ásamt sveitarstjóra að kanna þá möguleika sem eru í þeirri stöðu sem upp er komin.

4. Vatnsveita að Auðsholti

Veitustjóri óskar eftir heimild til að leita verðtilboða í tengingu Auðsholts / Bjargs í samræmi við umræður frá fundi veitustjórnar þann 4. ágúst 2022.

Veitustjórn samþykkir að fela veitustjóra að óska eftir tilboðum í jarðvinnu og reynist tilboðin ásættanleg að hefja framkvæmdir hið fyrsta. Lagnaefni hefur þegar verið keypt.

5. Endurnýjun á kaldavatnsdælu Ásatúni

Þegar nýi tankurinn í Berghylsfjalli verður tekinn í notkun mun þrýstingur minnka fram í Ásatúni og því er nauðsynlegt að fjárfesta í dælu til að tryggja notendum ásættanlegan vatnsþrýsting. Fyrir fundinum lágu þrjú tilboð í kaldavatnsdælu.

Veitustjórn samþykkir að keypt verði KSB dæla frá Varma og Vélaverk ehf enda hafa starfsmenn góða reynslu af dælum þessarar tegundar, auk þess einfaldar það viðhald að vera með sem flestar dælur sömu tegundar.

6. Veiðihús Stóru -Laxá, kalt vatn

Lögð fram fyrirspurn frá Stóru-Laxár veiðideild vegna kostnaðar og verkþátta við lagningu á köldu vatni til nýja veiðihússins við Stóru-Laxá.

Veitustjórn telur nauðsynlegt að lögð verði lögn að veiðihúsinu frá þrýstijafnara í Skarði. Samkvæmt samþykktum mun kaupandi greiða allan kostnað við framkvæmdina. Veitustjóra falið að svara erindinu í samræmi við þessa niðurstöðu.

7. Veiðihús Stóru-Laxá, heitt vatn

Borist hafði erindi er varðaði ósk um tengingu við Hitaveitu Flúða. Samkvæmt samtali sem veitustjóri átti við forsvarsmenn Veiðideildar Stóru-Laxár í dag var erindið dregið til baka og því þarfnast það ekki frekari afgreiðslu hér.

8. Bílamál

Rætt um bílakost veitna og áhaldhúss en með breytingum sem orðið hafa er nokkuð ljóst að fjárfesta verður í nýjum bíl.

Veitustjórn samþykkir að fela veitustjóra að skoða þá möguleika sem eru í boði og leggja valkosti fyrir næsta fund stjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:00